Nd. **332. Breytingatillögur**

við frumvarp ttl stjórnskipunarlaga (á þingskjali 228).

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna: »skrifar undir með konungi ályktanir um þau málefni, er undir hann liggja sjerstaklega« komi: skrifar ásamt konungi undir ályktanir um þau málefni, er honum eru sérstaklega falin.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna: »neðri deild alþingis« komi: alþingi, er átta vikna þingsetutíminn er liðinn.
   Í stað orðanna: »hún var rofin« komi: það var rofið.
3. Við 6. gr. Orðin: »enda sé neðri deild eigi rofin, áður en lögmæltur þingtími er úti«, falli burt.
4. — 8. — Aftan við greinina bætist: sé tölu alþingismanna breytt.
5. — 9. — Í stað orðanna: »til 6 ára« komi: til 3 ára.
   Í stað orðanna: »til 12 ára, þriðjungur þeirra fjórða hvert ár«, komi: til 6 ára.
6. Við 10. gr. Orðin: »og sé fjár síns ráðandi«, falli burt.
   Orðin: »enda hafi eigi þegið sveitarstyrk síðasta árið, nema hann sé endurgoldinn«, falli burt.
7. Við 19. gr. Orðin: »endurgjalda skal hann til skóla hin lögboðnu, persónulegu gjöld þjóðkirkjunnar, ef hann sannar ekki, að hann heyri til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur er í landinu«, falli burt.
8. Við 20. gr. Orðið: »einföldu« í síðasta málslið greinarinnar, falli burt.
9. Í stað 21. gr. komi svo látandi grein:
   Nú samþykkir alþingi sambandslög milli Íslands og Danmerkur, og skal alþingi þá rofið, ef stjórnin vill styðja málið, og efnt til nýrra kosninga. Samþykki þá alþingi sambandslögin óbreytt, skal bera þau upp fyrir konungi til staðfestingar.
10. Í ákvæðum um stundarsakir falli burt orðin: »Á fyrsta þingi eftir kosninguna« o. s. frv. til enda málsgreinarinnar.